

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN Efnahagsbrotadeild	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	IV / 491.1	
Staður og stund: Reykjavík – miðvikudaginn 25. nóvember 2004. Klukkan 14:00.			
Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald			
Vitni: Hreiðar Már Sigurðsson	Kennitala: 191170-5719		
Starf/staða: Forstjóri KB banka	Vinnusími: 444 6100		
Lögheimili: Hlyngerði 6, Reykjavík	Sími: 565-0252 / 860-1777		
Dvalarstaður:	Sími:		

Hreiðar er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Hreiðar er forstjóri KB Banka (áður Kaupings). Hreiðar kom að ákvarðanatöku í viðskiptum bankans við Baug-Group hf. varðandi viðskipti með eignarhluti í A-Holding. Í ljósi þess er hann mættur til skýrslutökkunnar sem vitni. Honum er kunnugt um tilefni þessarar skýrslutöku sem varðar viðskipti Kaupings við Baug-Group hf varðandi fjármögnun og uppgjör í tengslum við A-Holding, dótturfélag Baugs-Group hf.

Hreiðari er kynnt sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt að röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð. Hreiðari er einnig kynnt vitnaskyldan.

Hreiðar kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Hreiðari er kynnt að þann 15. júní 2001 hafi 95 milljón króna greiðsla borist frá Baugi-Group hf. til Kaupthings Bank Luxembourg inn á reikning 1100-26-454080. Hreiðar er beðinn um að gera grein fyrir þessari greiðslu og ráðstöfun hennar.

Hreiðar kveðst telja að umrædd greiðsla sé greiðsla frá Baugi til Kaupings Luxembourgar, sem hafi verið ráðstafað áfram til félagsins Gaums Holding og þaðan áfram inn í sjóði FBA Holding vegna hlutafjárukningar í FBA Holding. Hreiðar tekur það fram að hann sjálfur hafi ekki gefið nein greiðslufyrirmæli varðandi þessar greiðslu.

Hreiðar segir að fyrirmæli um ráðstöfun greiðslunar með þessum hætti geti bara komið frá greiðandanum. Hann kveðst sjálfur ekki minnst þess að hafa fengið slík fyrirmæli frá forsvarsmönnum Baugs. Hreiðar tekur það fram að á þessum tíma hafi Kaupþing verið að krefjast hlutafjárukningar í FBA Holding, sökum þess að tryggingarstaða Kaupings hafði versnað sem lánadrottins FBA Holding.

Hreiðari er kynnt að í bókhaldi Baugs hafi umrædd greiðsla kr. 95.000.000,- frá 15. júní 2001, verið færð sem krafa vegna útlagðs kostnaðar vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia. Textinn á færslunni var “Ráðgjöf v/A-holding” og fylgiskjal að baki færslunni var útskrift á tölvupósti frá JAJ til linda@baugur.is þar sem fyrirmæli voru um að greiða fyrrgreinda fjárhæð inn á reikning hjá Kaupþingi Ármúla. Inn á þessa útprentun á tölvupóstinum hefur verið handskrifað m.a. “eignfæra”, “Ráðgjöf v/A-holding”, “Viðskiptafæra á Baug Holding” og loks “Vantar reikning”. Umrætt fylgiskjal er jafnframt borið undir Hreiðari.

06125



Hreiðar er spurður hvort hann geti á einhvern hátt gert grein fyrir þessari greiðslu sem barst frá Baugi til Kaupþings Luxembourg og samkvæmt skýringum í bókhaldi Baugs skýrð sem ráðgjafargreiðsla til Kaupþings vegna A-Holding.

Hreiðar segir að þessi skýring í bókhaldi Baugs sé ekki rétt. Kaupþing hafi ekki fengið slíka ráðgjafargreiðslu frá Baugi á þessum tíma. Hann segir umrædda greiðslu hafa borist Kaupþingi með þeim fyrirmælum að millifæra hana áfram yfir á Gaum Holding og þaðan áfram inn í FBA Holding, eins og hann hafi þegar skýrt frá.

Í fylgiskjalinu í bókhaldi Baugs, þ.e. útprentun á tölvupóstinum frá JAJ til linda@baugur.is kemur fram eftirfarandi texti: “Talaði við Hreiðar. Hann vill fá þetta inn á reikn Kaupþing Ármúla viltu leggja þetta inn fyrir kl 11 vinnborgun Kaupþing lux hms.” Hreiðar er spurður hvort hann geti skýrt hvaða samskipta Jón Ásgeir sé að vísa til í þessum tölvupósti til Lindu.

Hreiðar kveðst ekki muna eftir þessum samskiptum nákvæmlega. Hann kveðst þó telja líklegt að það hafi tengst hlutfjár aukningunni í FBA Holding, sem Kaupþing var að krefjast á þessum tíma.

Undir Hreiðari er borinn reikningur sem gefinn var út af Baugi þann 28.02.2002, reikningurinn er nr. SR05724, stílaður á A-Holding. Virðist sem þar sé verið að skuldfæra A Holding fyrir útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð 425,3 mkr. Hreiðari er bent á að í sundurliðun reikningsins komi fram fjárhæðin 95.000.000 króna með skýringunni “Paid to Kaupthing (GBP 710.015)”. Hreiðar er spurður hvort hann hafi séð þennan reikning áður, og sérstaklega beðinn um að útskýra þann lið reikningsins sem segir “Paid to Kaupthing (GBP 710.015)”, en af textanum megi ætla að um sé að ræða greiðslu til Kaupþings fyrir veitta þjónustu.

Hreiðar kveðst aldrei hafa séð þennan reikning áður. Hann kveðst ekki kannast við þessa greiðslu til Kaupþings að fjárhæð GBP 710.015 eða 95.000.000 krónur. Hreiðar kveðst telja að um sé að ræða sömu greiðslu og greidd var inn í FBA Holding við hlutfjár aukninguna.

Hreiðar er beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinni að hlutfjár aukningunni sem átti sér stað í júní 2001 þegar hlutfé í FBA-holding var aukið um 500.000.000 kr.

Hreiðar kveðst á þessum tíma hafa verið framkvæmdastjóri Scandinavian Holding, sem hafi verið aðallánveitandi FBA Holding og að kröfu Scandinavian Holding hafi þessi hlutfjár aukning átt sér stað. Hlutfjár aukningunni hafi verið deilt jafnt á þá fjóra fjárfesta, eða fjárfestingarhópa sem áttu FBA Holding. Þannig hafi hver um sig átt að greiða 125.000.000 krónur við hlutfjár aukninguna.

Hreiðari er kynnt að lögregla hafi undir höndum gögn úr tölvu Kristínar Jóhannesdóttur, framkvæmdarstjóra Gaums ehf., sem hald var lagt á í húsleit í fyrirtækinu þann 18. nóvember 2003. Hreiðari er kynnt að í þessari yfirheyrslu verði m.a. borin undir hann tölvupóstsamskipti úr tölvu Kristínar.

Undir Hreiðar er borin útprentun á tölvupóstsamskiptum á milli hans og Magnúsar Guðmundssonar, dags. 18. – 19. júní 2001. Þar kemur fram að fjórir eigendur FBA-holding hafi hver um sig átt að greiða 125 milljónir þann 15. júní 2001 vegna hlutfjár aukningar í FBA-holding. Hreiðar er spurður hvernig þeim greiðslum hafi verið háttað, þá sér í lagi hlutar Jóns Ásgeirs hvað þetta varðar.

Hreiðar segir að við yfirlestur þessara tölvupóstsamskipta rifjist þetta upp fyrir honum. Hann segir þessi tölvupóstsamskipti skýra greiðslumáta Jóns Ásgeir. Jón hafi lagt fram 95.000.000 króna í peningum, auk þess sem hann hafi fengið 30.000.000 króna lán í nafni Cardi Holding, sem hafi verið dótturfélag Gaums Holding. Hreiðar kveðst ekkert frekar hafa vitað um þetta félag Cardi Holding á þessum tíma,

starfsmenn Kaupþings Luxembourg hafi séð um þann þátt. Hreiðar kveðst hafa litið á þessa lánveitingu sem lán til Gaums Holding, enda hafi Cardi Holding verið dótturfélag þess.

Hreiðar er spurður hvort hann viti hvernig Jón Ásgeir stóð að fjármögnun á 95 milljón króna greiðslunni.

Hreiðar segir að þessi 95 milljón króna greiðsla sé ein og sú sama og rætt hafi verið um við þessa skýrslutöku, þ.e. greiðslan sem barst frá Baugi þann 15. júní, til Kaupthing Bank Luxembourg og ráðstafað til FBA-holding

Hreiðar er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessu láni til Cardi Holding, m.a. endurgreiðslu lánsins, þ.e. hvenær það var greitt, hvernig og af hverjum.

Hreiðar segir að þetta 30 milljón króna lán til Cardi Holding hafi verið fjármagnað í gegnum Kaupþing Luxembourg og verið ráðstafað til FBA Holding sem hluta af framlagi Jóns Ásgeirs við hlutfjárukninguna líkt og tölvupóstsamskiptin beri með sér.

Hreiðar kveðst ekki hafa með sér upplýsingar um endurgreiðslu lánsins til Cardi Holding. Þannig viti hann ekki hvort búið sé að greiða það lán upp.

Hreiðar er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum er varða kaup Kaupþings og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding gagnert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia.

Hreiðar skýrir svo frá að upphafið að þessum viðskiptum megi rekja til ársins 2000 þegar Jón Ásgeir ásamt samstarfsmönnum sínum hafi talið mjög gott fjárfestingartækifæri í hlutabréfum í Arcadia. Hreiðar kveðst hafa heimildir fyrir því að Jón Ásgeir hafi fengið heimild stjórnar Baugs fyrir því að fjárfesta í Arcadia. Hins vegar hafi stjórn Baugs ekki viljað fjárfesta fyrir meiru en sem nemur hagnaði félagsins á einu ári. Hreiðar segir að Jón Ásgeir hafi því leitað til Kaupþings hvort Kaupþing væri reiðubúið að fjárfesta með honum. Á sama tíma hafi Jón Ásgeir einnig farið að fjárfesta í Arcadia í nafni Gaums.

Í kjölfar þessa hafi Kaupþing tekið ákvörðun um að fara út í þessa fjárfestingu með Gaumi og Baugi. Síðar hafi Íslandsbanki og Gilding komið inn í þessi viðskipti. Hreiðar skýrir svo frá að kaupin hafi verið gerð með aðstoð Deutsche Bank.

Hreiðar segir að Kaupþing hafi greitt allan kostnað við stofnun A-Holding, stimpilgjöld, kostnað við erlendu lögfræðistofuna sem aðstoðaði við stofnun A-Holding, auk fleiri kostnaðarliða, sem hafi hafi komið til. Hreiðar kveðst sjálfur ekki hafa séð um innheimtu á þeim kostnaði. Hann kveðst hafa búið í Bandaríkjunum á þessum tíma og hafi Helgi Bergs, aðstoðarframkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings, séð alfarið um þennan þátt.

Hreiðar segir að við stofnun A-Holding hafi Kaupþing hafi orðið stærsti aðilinn í þessum viðskiptum, með um 37% hlutafjár í A-Holding.

Hreiðar er spurður hvaða starfsmenn Kaupþings hafi komið að þessum viðskiptum fyrir hönd Kaupþings.

Hreiðar segir að auk hans sjálfs hafi Sigurður Einarsson, Helgi Bergs og Bjarki Diego komið að þessum viðskiptum fyrir hönd Kaupþings.

06127



Hreiðari er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. (fskj. 14). Jafnframt var þann sama dag gerður samningur "Deed of Call Option" (fskj. 15) sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt til að kaupa hlutabréf A-Holding í Arcadia á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindum tímabili. Hreiðar er beðinn um að gera grein fyrir þessum samningum.

Hreiðar segir að við stofnun A-Holding hafi verið gerður hluthafasamningur sem fjalli um réttindi og skyldur hluthafanna og stjórn félagsins. Hreiðar segir að það hafi verið öllum ljóst að Baugur vildi eignast allt hlutafé í A-Holding og þar með eignast 20% hlut í Arcadia. Baugur hafi hins vegar ekki haft fjármagn til þeirrar fjárfestingar og því hafi verið gerður Kaupréttarsamningur um einhliða kauprétt Baugs á öllu hlutafé í A-Holding miðað við ákveðna dagsetningu og ákveðið verð. Einnig hafi verið gerður söluréttarsamningur um sölurétt hinna hluthafanna í A-Holding á öllu hlutafé félagsins til Baugs á ákveðnum tíma.

Hreiðar segir að Kaupþing hafi litið á þetta sem skammtíma fjárfestingu í u.þ.b. eitt ár. Þetta hafi verið fjárfestingartækifæri sem gæti verið arðvænlegt og Kaupþing hafi litið svo á að það gæti skapað meiri verðmæti að eiga stóran hlut í félaginu. Kaupréttarsamningurinn hafi verið þannig að reiknað hafi verið 34% álag ofan á meðalkaupverð bréfanna í Arcadia, eins og þau voru skráð inn í A-Holding, jafnframt því sem Baugur hafi átt að greiða fyrir bréfin með bréfum í Baugi á genginu 12,6.

Hreiðar er beðinn um að gera grein fyrir þeirri reiknireglu sem sett er fram í kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001, varðandi verðlagningu hlutabréfa A-Holding í Arcadia.

Hreiðar kveðst ekki minnst þess nú hvernig hluthafarnir hafi samið um 34% álagið. Það hafi líklegast verið hreint sanningsatriði.

Hreiðar er spurður hvort Baugur hafi nýtt sér þau kaupréttarákvæði þessa samnings, þ.e. að Baugur ætti rétt á að kaupa öll hlutabréf A-Holding í Arcadia með 34% álagi á kostnaðarverð A-Holding, fyrir þann 28. febrúar 2002, auk þess sem Baugur tæki á sig þann kostnað sem A-Holding hafði haft vegna hlutabréfanna, samanber tl. 3.C í samningnum.

Hreiðar segir að Baugur hafi ekki nýtt sér þau kaupréttarákvæði sem koma fram í kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001.

Undir Hreiðari er í því sambandi borinn kaupsamningur dags. 10. maí 2001 (fskj. 16), en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding á sama hlutfallslega verðinu og greiddi með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6 á nafnverði. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningi og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu í hlutabréfum í Baugi.

Hreiðar er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum kaupsamningi.

Hreiðar skýrir svo frá að um það leiti sem gengið hafi verið frá stofnun A-Holding og kaupréttarsamningi Baugs við A-Holding hafi gengi bréfa í Arcadia farið að hækka. Hann segir að Jón Ásgeir hafi haft trú á því að Arcadia væri búíð að ná viðsnúningi í rekstri og viljað ganga í yfirtöku Baugs á A-Holding strax. Hreiðar segir að Jón Ásgeir hafi sett sig í samband við hann og Sigurð Einarsson og farið fram á að Baugur fengið að kaupa bréfin í Arcadia strax á markaðsverði fremur en að bíða til 28. febrúar 2002, eins og kaupréttarsamningurinn kvað á um.

Hreiðar segir að það hafi verið skiptar skoðanir innan Kaupþings varðandi þessa kröfu Jóns Ásgeirs. Hann kveðst sjálfur ásamt Sigurði Einarssyni hafa verið reiðbúinn til slíkra viðskipta en Helgi Bergs



hafi viljað bíða og láta reyna á kaupréttarsamninginn. Helgi hafi talið Kaupþing vera að gefa frá sér verðmæti með því að semja upp á nýtt við Baug.

Hreiðar segir að hann og Sigurður Einarsson hafi farið yfir þessi sjónarmið við Jón Ásgeir og krafist þess að samið yrði um kaupverð á bréfunum í A-Holding sem greitt yrði með hlutabréfum í Baugi, auk sérstakrar þóknunar til Kaupþings fyrir að brjóta upp kaupréttarsamkomulagið frá 4. apríl 2001.

Hreiðar kveðst einnig minnst þess að fulltrúar Gildingar hafi verið ósáttir við það að brjóta upp kaupréttarsamkomulagið frá 4. apríl.

Hins vegar hafi verið gerður nýr samningur þann 10. maí 2001, þar hafi verið ákvæði um 16% álag ofan á meðalkaupverð bréfanna í Arcadia. Baugur hafi greitt með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6. Aðspurður kveðst Hreiðar ekki muna það nú hvort 16% álag á kaupverð bréfanna í Arcadia hafi verið nálægt markaðsvirði bréfanna á þessum tíma, en það sé ekki ólíklegt þar sem gengi bréfanna hafði farið hækkandi.

Hreiðar er spurður hvort samningurinn frá 10. maí 2001, hafi verið álitinn lakari en samningurinn frá 4. apríl 2001.

Hreiðar segir að samningurinn frá 10. maí hafi verið talinn lakari þar sem mismunurinn hafi legið í því að samningurinn frá 4. apríl 2001 hafi átt að gefa 34% hækkun á bréfin en samningurinn frá 10. maí 2001 hafi gefið 16% hækkun á bréfin.

Hreiðar er spurður hvort ekki hafi verið litið til þess að samningurinn frá 10. maí 2001 var að gefa 16% hækkun á einum mánuði, en samningurinn frá 4. apríl hafi verið til 28. febrúar 2002.

Hreiðar segir að um þetta hafi verið skiptar skoðanir innan Kaupþings eins og hann hafi greint frá. Hann og Sigurður hafi að lokum metið það svo að það væri skynsamlegt að gera samninginn 10. maí 2001 og ganga frá þessu strax.

Hreiðar segir að bankinn hafi þó ekki viljað ganga til þessara samninga án þess að fá einhverja þóknun fyrir að falla frá samningnum frá 4. apríl.

Hreiðar er beðinn um að gera sérstaka grein fyrir þeirri reiknireglu sem sett er fram í samningnum frá 10. maí 2001, við verðlagningu hlutabréfanna í A-Holding.

Hreiðar kveðst ekki muna það nú hvernig samið var um 16% álag á gengi hlutabréfanna í A-Holding. Hann segir að líklegast hafi sú tala tekið mið af markaðsvirði bréfanna á þessum tíma.

Hreiðar er spurður hvort ákvæði "Deed of Call Option" kaupréttarsamnings frá 4. apríl 2001 hafi átt við eftir undirritun nýja samningsins frá 10. maí 2001.

Hreiðar segir að þegar gengið hafi verið frá undirritun samningsins frá 10. maí 2001 hafi ákvæði samningsins frá 4. apríl ekki verið í gildi.

Hreiðar er spurður hvort hluthafarnir hafi fengið einhverjar aðrar greiðslur í tengslum við kaup Baugs á öllu hlutafé í A-Holding.

Hreiðar segir að Kaupþing hafi fengið aukagreiðslur, en tekur það fram að hann hafi ekki komið að samningum við aðra hlutahafa í A-Holding og ekki rætt þetta við aðra hluthafa. Hann kveðst síðar hafa fengið upplýsingar um það að Íslandsbanki og Gaumur hafi einnig fengið aukagreiðslur fyrir að falla frá samningnum frá 4. apríl 2001. Þá viti hann til þess að Gilding hafi ekki fengið neina aukagreiðslu.

Hreiðar er spurður hvernig Baugur hafi greitt þessa aukagreiðslu til Kaupþings.

Hreiðar kveðst ekki muna það nú hvernig staðið hafi verið að þeirri greiðslu. Hann þurfi að kanna það nánar í bókum Kaupþings til að geta skýrt það nánar.

Hreiðar er spurður hver aukagreiðslan hafi verið.

Hreiðar kveðst ekki muna það nú. Hann kveðst þó minnst þess að Kaupþing hafi reiknað út hagnaðinn af viðskiptunum í heild sinni og hafi hagnaðurinn verið um 800 milljónir króna í heild sinni. Aukagreiðslan hafi verið eitthvert hlutfall af þeim heildarhagnaði, líklegast í kringum 300 – 400 milljónir.

Hreiðar er spurður að ástæðu þess að ákvæði um þessa aukagreiðslu hafi ekki verið settar inn í kaupsamninginn frá 10. maí 2001.

Hreiðar skýrir svo frá að Kaupþing hafi verið að vernda sína hagsmuni. Þeim hafi þótt hagmunum bankans best borgið með því að hafa aukapóknanimar í öðru samhengi og halda þeim utan við samninginn frá 10. maí 2001.

Undir Hreiðari eru bornir þrír reikningar sem útgefnir voru af Kaupþingi og stílaðir á A-Holding, samtals að fjárhæð um 383 milljónir króna. Allir reikningarnir eru með sama texta "Investment banking services."

Reikningur að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, eða áður en kaupréttarsamningur, dags. 4. apríl 2001, var gerður og áður en endanlegur kaupsamningur var gerður þann 10. maí 2001.

Hreiðar kveðst telja að þarna sé komin aukagreiðslan í tengslum við yfirtöku Baugs á A-Holding, eins og hann hafi greint frá hér að ofan. Hreiðar kveðst hins vegar ekki átta sig á dagsetningu reikningsins, því ef dagsetningin sé rétt þá sé þetta ekki greiðsla í tengslum við aukagreiðsluna frá Baugi.

Reikningur að fjárhæð 47.000.000 króna, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða þóknun til Kaupþings hf. fyrir þjónustu, samanber skilgreiningu í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí en þar segir að Kaupþing hf. eigi að fá greitt m.a: "*ISK 47,000,000 for arranging the co-operation with Deutsche Bank and for other services in connection with the purchase of Arcadia shares and the establishment of A Holding S.A.*"

Hreiðar er beðinn um að gera nánar grein fyrir þessum reikningi.

Hreiðar segir að um sé að ræða þóknun til Kaupþings samkvæmt þessu ákvæði kaupsamningsins, fyrir þjónustu og ráðgjöf við kaupin.

Reikningur að fjárhæð 36.036.612 krónur, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða greiðslu samkvæmt E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, en þar virðist Kaupþingi falið að greiða allan ógreiddan kostnað A-Holding á samningsdegi.

Hreiðar er beðinn um að skýra þetta nánar.

Hreiðar segir að með þessum reikningi sé Kaupþing að innheimta útlagðan kostnað samkvæmt þessu ákvæði kaupsamningsins.



Hreiðar er spurður hvort Kaupþing hafi fengið einhverjar frekari greiðslur í tengslum við A-Holding / Arcadia viðskiptin.

Hreiðar kveðst ekki minnst þess að svo hafi verið.

Hreiðar er spurður hvort hann viti hvernig gert hafi verið upp við aðra hluthafa í A-Holding, við kaup Baugs á öllu hlutafé í félaginu, en samkvæmt samningnum frá 10. maí 2001 hafi hluthafarnir átt að fá hlutabréf í Baugi fyrir hlut sinn í A-Holding.

Hreiðar ítrekar það sem hann hafi skýrt frá að ofan, hann hafi ekki komið að uppgjöri við aðra hluthafa í A-Holding. Hreiðar segir að honum hafi verið skýrt frá því að Íslandsbanki og Gaumur hafi fengið aukagreiðslur, auk hlutabréfanna í Baugi.

Aðspurður segir Hreiðar að Jón Ásgeir hafi skýrt honum frá þessum aukagreiðslum til Íslandsbanka og Gaums. Komið hafi fram hjá Jóni Ásgeiri að Gaumur hafi fengið 95 milljónir króna í þóknun og Íslandsbanki um 120 milljónir króna, ef hann muni það rétt sem Jón Ásgeir hafi skýrt honum frá.

Hreiðar er spurður hvenær hann hafi fengið þessar upplýsingar frá Jóni Ásgeiri.

Hreiðar segir að hann hafi fengið þessar upplýsingar frá Jóni Ásgeiri einhvern tíma næstu mánuði á eftir þessi viðskipti í maí 2001. Jón Ásgeir hafi skýrt það með þeim hætti að Bjarni Ármannsson hafi talið víst að Kaupþing hefði fengið einhverja aukagreiðslu og farið fram á að Íslandsbanki fengið samskonar aukagreiðslu.

Hreiðar er spurður hvort hann kannist við að Kaupþing hafi fengið um 384 milljóna króna greiðslu, auk hlutabréfanna í Baugi við söluna á eignarhlut Kaupþings í A-Holding, en þær skýringar hafa m.a. komið fram í greinargerð frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.

Hreiðar tekur það fram að hann hafi búið í Bandaríkjunum á þessum tíma. Hann hafi sjálfur ekki séð um að innheimta þessa aukagreiðslu. Hreiðar kveðst því ekki geta sagt nákvæmlega til um hvernig sú aukagreiðsla var greidd eða hvenær. Hann tekur þó fram að niðurstaða Kaupþings hafi verið sú að hagnaðurinn af þessum viðskiptum í heild sinni hafi verið 800 milljónir og þeir alltaf litið þannig á að hreinn söluhagnaður hafi verið um 400 milljónir og aukagreiðslurnar um 400 milljónir.

Hreiðar er spurður hvort Gaumur hafi undir einhverjum kringumstæðum innheimt ábyrgðarþóknun frá A-Holding.


Hreiðar kveðst ekki vita hvort svo hafi verið.

Hreiðar er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.


Hreiðar kveðst ekkert fleira hafa um þetta mál að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 17⁰⁵.

Staðfest rétt eftir haft:


Hreiðar M. Sigurðsson

Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV / 41.2	
Staður og stund: Föstudagur 24. júní 2005 kl. 14:32 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Vitni: Hreiðar Már Sigurðsson	Kennitala: 191170-5719		
Starf/staða: Forstjóri KB banka	Vinnusími:		
Lögheimili: Hlyngerði 6, 108 Reykjavík	Sími: 860 1777		
Dvalarstaður:	Sími:		

Hreiðar Már Sigurðsson mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnbert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Hreiðar nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en hann er forstjóri KB banka og gegndi starfi hjá Kaupþingi hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgð. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum kom Kaupþing hf. að kaupum hlutafjár í Vöruveltunni hf. og mun enn fremur hafa verið hluthafi í Fasteignafélaginu Stoðum hf.

Hreiðari er kunnbert vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Hreiðari er kunnbert vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kunn að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Enn fremur er brynt fyrir Hreiðari að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunn að skipta.

Aðspurður segir Hreiðar að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Hreiðar og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

06132

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Hreiðari er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Hreiðar er spurður hvort hann þekki til þessa samnings og þá með hvaða hætti.

Hreiðar segir að hann hafi ekki séð þennan samning og hafi ekki fyrr en nú verið upplýstur um hann.

Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998

Hreiðari er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Hreiðari er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrit af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Hreiðari er kunnert að grunur sé um að þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningum. Grunur er um að greiðslan hafi í fyrstu verið fjármögnuð þannig að kr. 200.000.000 voru teknar af reikningi frá Baugi-Aðföngum ehf. (dótturfélagi Baugs hf.), nr. 1151-26-000156 og umrædd fjárhæð í framhaldi lögð inn á bankareikning SPRON nr. 1151-26-009999. SPRON hafi síðan útbúið tékka í eigin nafni stílaða á Helgu Gísladóttur. Fyrir liggur að tékkinn var innleystur 9. október 1998, og fjárhæðin lögð inn á reikning Helgu nr. 0327-261708.

Hreiðar er spurður hvort honum eða öðrum starfsmönnum KB banka hafi verið kunnugt um það.

Hreiðar segir að honum hafi ekki verið kunnugt um það og viti ekki til þess að öðrum starfsmönnum hafi verið kunnugt um það.

Hreiðar er spurður hvort að Kaupþingi hf., sem hlutahafa í Baugi hf., hafi verið kunnugt um þessa ráðstöfum.

Hreiðar segir að hann telji að svo hafi ekki verið.

Hreiðari er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005. Jón Ásgeir var þá spurður hvaða heimild frá hluthöfum Baugs hf. hann hafi talið sig hafa haft fyrir þessari ráðstöfun:

- Skjal rannsóknargagna nr. V/4.18

Jón Ásgeir segir að hann hafi rætt þetta við Kaupþing hf. og Odd Reitan og þeir hafi orðið sammála um að hagsmunir Baugs hf. hafi verið tryggðir með þessum hætti.

Hreiðar er spurður um afstöðu til þessa framburðar Jóns Ásgeirs.

Hreiðar segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta. Hreiðar segir að þetta mál hafi ekki verið borið undir hann.

Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Hreiðari er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998. Samhliða lánasamningnum er Hreiðari sýnt afrit af bréfi Kaupþings Búnaðarbanka hf. til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna 100 millj. útgreiðslu af reikningi 1100-26-1505 inn á reikning 1151-26-156 hinn 21. desember 1998, dags. 1. júní 2004; afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 28. desember 1998 og afrit af tilkynningu um millifærslu inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156 á kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf., dags. 21. desember 1998.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.4.1, II/50.4.2, II/50.4.3 og II/50.4.4

Hreiðar er beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu Kaupþings hf. til þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar.

Hreiðar segir að hann hafi ekki komið að veitingu þessa láns og hafi ekki verið kunnugt um það. Hreiðar segir að hann muni ekki til þess að hafa rætt þessa lánveitingu við þá Jón Ásgeir og Þorstein. Hreiðar segir að á árinu 2004 hafi KB banki svarað fyrirspurn vegna þessarar lánveitingar til skattrannsóknarstjóra ríkisins. Hreiðar segir að af því tilefni vilji hann leggja fram þau gögn sem skattrannsóknarstjóra voru látin í té vegna málsins. Hreiðar leggur fram umrædd gögn.

Hreiðar er spurður hvort hann hafi vitneskju um hvernig þessum fjármunum hafi verið ráðstafað og hvert þeir hafi runnið.

Hreiðar segir að hann hafi ekki haft vitneskju um það.

Hreiðari er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Þorsteins M. Jónssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 1. júní 2005. Þorsteinn var þá beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/49.1

Þorsteinn segir þessa lánveitingu megi rekja til þess að hann hafi sem fjárfestir haft áhuga á að fjárfesta í eignarhlut Vöruveltunnar hf., sem á þeim tíma hafi verið í eigu Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur. Þorsteinn segir að hann hafi ásamt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni tekið umrætt lán, en Jón Ásgeir hafi átt frumkvæðið að þeirri hugmynd. Þorsteinn segir að sá hlutur sem þarna hafi verið fyrirhugað að kaupa hafi átt að skiptast til helminga milli hans og Jóns Ásgeirs, en ekki hafi verið sérstaklega rætt hversu stór hluti það hafi átt vera enda hafi fyrirhugað kaupverð Vöruveltunnar hf. ekki legið fyrir.

Þorsteinn segir að fyrirhugað hafi verið að skrá Vöruveltuna hf. á markað og hafi af hans hálfu hangið á spýttunni að hagnast á þessum viðskiptum við þá skráningu. Þorsteinn segir að ekki hafi gengið eftir að þessi hlutur hafi verið keyptur, en ástæður þess muni hann ekki hverjar hafi verið.

Aðspurður segir Þorsteinn að breyttar forsendur hafi valdið því að hafi hætt við að kaupa þennan hlut.

Þorsteinn segir að þegar hann hafi hætt við að kaupa þennan umrædda hlut hafi Jón Ásgeir yfirtekið skuldbindingar hans vegna þessarar lánveitingar. . . .

Hreiðari er kunnert að í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005, hafi Jón Ásgeir staðfest þennan framburð Þorsteins sem réttan.

- Skjal rannsóknargagna nr. V/4.18

Hreiðar er spurður hvort hann muni til þess að Jón Ásgeir hafi yfirtekið þessa skuldbindingu hjá Kaupþingi hf.

Hreiðar segir að hann muni það ekki. Hreiðar segir að hann geti fundið gögn um það hjá bankanum og látið lögreglu í té. Hreiðar segir að hann muni enn fremur afhenda gögn sem sýni hvernig þetta lán hafi verið greitt af hálfu lántaka.

Samningur, dags. 10. nóvember 1998

Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Hreiðari er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar hins vegar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningnum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.7

Hreiðar er spurður hvort hann þekki til þessa samnings.

Hreiðar segir að hann þekki ekki til þessa samnings og hafi ekki séð hann áður.

Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með víxli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum

Hreiðari sýnt afrit af víxli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjaldþaga 1. mars 1999. Hreiðari er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrá Baugs hf. um sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnvirði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeirri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið seld af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kaupréttarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Hreiðar er spurður hvort hann þekki til þessa máls.

Hreiðar segir að hann þekki ekki til þessa máls og hafi enga aðkomu haft að því.

Samstarfssamningur, dags. 27. apríl 1999

Hreiðari er sýnt afrit af samstarfssamningi Kaupþings hf.; Íslandsbanka hf.; Fjárfars ehf.; Litla fasteignafélagsins ehf.; Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur; 10-11 og Vöruveltunnar hf. um kaup og sölu á 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., dags. 27. apríl 1999. Samkvæmt umræddum samningi keypti Íslandsbanki 35 % eignarhluta Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. og seldi samtímis hluta þeirra bréfa til Kaupþings hf. og Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum skyldi skipting milli kaupanda vera eftirfarandi:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.8

Íslandsbanki hf.	200.000.000	- tvö hundruð milljónir -	(12,4%)
Kaupþing hf.	200.000.000	- tvö hundruð milljónir -	(12,4%)
Fjárfar hf.	163.500.000	- eitt hundrað sextíu og þrjú milljónir og Fimm hundruð þúsund 00/100	-(10,2%)

Hreiðar er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

Hreiðar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Jón Ásgeir komið að máli við sig um að kaupa út hluta EFA í Vöruveltunni hf. og selja síðan umræddan hluta til Baug hf. Hreiðar segir að Kaupþing hf. hafi fallist á það.

Hreiðari er sýnt afrit af kaupsamningi milli Kaupþings hf. og Baugs hf. sölu á hlutabréfum í Vöruveltunni hf. að nafnvirði kr. 37.260.000, dags. 30. júní 1999, ásamt afritaðri kvittun fyrir viðskiptunum.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.8.5

Hreiðar er spurður hvort þetta sé samningur um sölu Kaupþings hf. á umræddum eignarhluta til Baugs hf.

Hreiðar segir að þetta sé sá samningur. Aðspurður segir Hreiðar að eins og sjá megi í umræddum samningi hafi Kaupþing hf. hagnast um ca eina milljón króna á þessum viðskiptum.

Hreiðari er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Guðmundar K. Tómassonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 6. júní 2005. Guðmundur var þá beðinn að gera grein fyrir þessum samningi:

- Skjal rannsóknargagna nr. IV/55.1

Guðmundur segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi hann fengið samningsdrögin frá Kaupþingi, en hann hafi verið í samskiptum við Hreiðar Má hjá Kaupþingi hf. vegna málsins. Guðmundur segir að þetta sé samningur um kaup á 35 % eignarhlut til baka frá EFA og fleiri aðilja. Guðmundur segir að í þessu ferli hafi komið upp að Baugur hf. væri í þann mund að fara að kaupa Vöruveltuna hf. og að stefnt væri á að skrá félagið á markað. Guðmundur segir að

samkvæmt því sem hann best viti hafi þessi samningur gengið eftir, alltént hvað varðar hlut Íslandsbanka hf. Guðmundur segir að í framhaldi hafi Íslandsbanki hf. selt umræddan eignarhluta til Baugs hf. og fengið í staðinn hlutabréf í Baugi hf., sem bankinn hafi síðan selt á frjálsum markaði.

Hreiðar er spurður um afstöðu til þessa framburðar Guðmundar.

Hreiðar segir að hann telji þennan framburð Guðmundar réttan. Hreiðar segir að hann muni til þess að hafa hitt Guðmund K. Tómasson og Helgu Gísladóttur vegna þessa máls að Kirkjusandi, en þar hafi samningurinn verið undirritaður. Hreiðar segir að hann muni til þess að Eiríkur hafi ekki verið á umræddum fundi.

Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999

Hreiðari er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignahlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignahlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-

	Kr.	447.000.000,-

Hreiðar er spurður hvort hann þekki til þessa samnings.

Hreiðar segir að hann hafi ekki séð þennan samning áður. Hreiðar segir að hann muni til þess að þau Helga og Eiríkur hafi orðið hluthafar í Baugi hf. eftir sölnu á 10-11.

Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)

Hreiðari er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Hreiðari er kunnbert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupþingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjal rannsóknargagna nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Hreiðar er beðinn að gera grein fyrir þessu skammtímaláni sem Baugi hf. hefur þarna verið veitt.

Hreiðar segir að hann muni ekki eftir þessari lánveitingu. Aðspurður segir Hreiðar að ekki sé víst hvort meiri skjalagerð en þessi hafi verið á bak við þessa lánveitingu. Hreiðar segir að hann geti kannað það og látið lögreglu í té gögn um þessa lánveitingu – hafi þau einhvern tímann verið til.

Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum**Gögn frá hlutafélagaskrá um Fasteignafélagið Stoðir hf.**

Hreiðari er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Fasteignafélaginu Stoðum hf. Umrædd samantekt er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt umræddum gögnum virðast þau Tryggvi Jónsson, Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson hafa stofnað hlutafélagið Fasteignafélagið Stoðir hf. 3. maí 1999. Eigendur félagsins eru sagðir Baugur hf. og Dúkur hf. Samkvæmt umræddum gögnum virðist Tryggvi Jónsson hafa við stofnun félagsins hafa verið stjórnarformaður, en þau Linda Jóhannsdóttir og Jón Scheving Thorsteinsson verið meðstjórnendur. Framkvæmdastjóri félagsins hefur við stofnun verið Linda Jóhannsdóttir. Endurskoðun félagsins við stofnun er sögð í höndum KPMG Endurskoðunar hf. og ritar Stefán Hilmarsson fyrir því. Aðalstarfsemi félagsins er sögð vera kaup og sala fasteigna og lausafjármuna, útleiga eigna, verðbréfavíðskipti og annar skyldur rekstur. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist stjórn félagsins hafa verið óbreytt til 25. ágúst 1999 en þá hefur Þórarinn Sveinsson tekið við stjórnarsetu af Jóni Scheving Thorsteinssyni og enn fremur Runólfur Þór Runólfsson ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/25.8.0 og II/25.8.1 til II/25.8.15

Hreiðar er spurður hvort Kaupþing hf. hafi komið að stofnun þessa félags.

Hreiðar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Kaupþing hf. ekki komið að stofnun félagsins, sem hafi upphaflega verið stofnað sem félag um rekstur vöruhúss Aðfanga að Skútuvogi 7. Hreiðar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Kaupþing fljótlega eftir stofnun Stoða komið að eignarhaldi í félaginu. Hreiðar segir að hann muni ekki nákvæmlega hvenær það hafi verið, en hann geti lagt fram gögn um það, því væntanlega hafi verið gerður samningur um það.

Hreiðari er sýnt afrit af ársreikningi 1999 fyrir Fasteignafélagið Stoðir hf. Samkvæmt umræddum ársreikningi eru eigendur félagsins sagðir Baugur hf. með 48,3 % eignarhlut og Kaupþing hf. með 48,3 % eignarhlut. Hluthafar félagsins eru sagðir fjórir.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.29.1

Hreiðar er spurður hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Hreiðar segir að hann muni það ekki nákvæmlega.

Aðspurður segir Hreiðar að hann viti ekki hverjir hinir tveir hluthafarnir hafi verið.

Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.

Hreiðari er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Solveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Hreiðari sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum

vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.
- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.17.4 til II/50.17.5 og II/50.23.3

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Hreiðar er spurður hvort hann þekki til þessara viðskipta.

Hreiðar segir að hann þekki ekki til þessara viðskipta. Hreiðar segir að hann muni hins vegar eftir umræðu um þessar fasteignir þegar Stoðir hf. keyptu þær, sem líklega hafi verið á árinu 1999. Hreiðar segir sú umræða hafi verið milli manna hjá Kaupþingi hf., þ. e. þeirra Þórarins Sveinssonar og Ármanns Þorvaldssonar sem sátu í stjórn Stoða hf., en sú umræða hafi verið um kaupverð til Stoða frá Litla fasteignafélaginu, svo og leigufjárhæðir á umræddu húsnæði.

Hreiðar er spurður hvort hann hafi vitneskju um hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað og hver hafi ákveðið það.

Hreiðar segir að hann hafi enga vitneskju um það.

Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.

Hreiðari er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Hreiðari sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar og Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 14:38, 16:05 og 16:25, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Hreiðari er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfirfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannesdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl rannsóknargagna nr. II/50.18.1 og II/50.23.5

Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ

Hreiðari er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreiðar segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta. Hreiðar segir að hann muni eftir að hafa rætt þetta mál við Þórarin Sveinsson og Ármann Þorvaldsson og enn fremur síðar við Jónas Þorvaldsson, þáverandi framkvæmdastjóra Stoða hf. Hreiðar segir að þeir Þórarinn og Ármann hafi fyrir hönd Kaupþings hf. tekið ákvörðun um að kaupa þessar fasteignir til Stoða hf. Hreiðar segir að hann muni eftir umræðu við þá um verðmæti eignanna. Hreiðar segir að síðar hafi hann rætt við Jónas Þorvaldsson um þetta mál, en Jónas hafi haldið því fram að þetta væri hagstæð fjárfesting fyrir Stoðir og kæmi vel út, sökum þess að húsaleiga væri há og viðhaldskostnaður ekki mikill.

Hreiðar er spurður hvort hann muni eftir umræðu frá þessum tíma innan Kaupþings um kaupverð eignanna.

Hreiðar segir að hann muni til þess að þetta mál hafi verið rætt milli manna hjá Kaupþingi. Hreiðar segir að þetta kaupverð hafi verið samþykkt af hálfu Kaupþings. Aðspurður segir Hreiðar að hann treysti sér ekki til að meta hvort kaupverð hafi þótt of hátt á þessum tíma.

Hreiðari er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjalanúmer	Kaupverð 1998	Skjalanúmer	Kaupverð 1999	Skjalanúmer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032			II/50.18.3	58.038	37.006
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324			II/50.18.4	58.038	18.714
Langarimi 21-23	II/50.17.4	52.432			II/50.18.2	58.038	5.606
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	217.100				357.204	140.104
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
Samtals	II/50.17.7	375.100		62.000	II/50.18.1 II/50.18.5	604.554	167.454

Hreiðari er kunnbert að samkvæmt töflunni hafi innborgun til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa fasteigna, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., numið rúmum 140 milljónum króna, en umræddar fasteignir voru: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur, Sporhamrar, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Hreiðar er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þetta.

Hreiðar segir að hann hafi ekki haft vitneskju um þetta og minnst þess ekki að hafa heyrt um að Litla fasteignafélagið ehf. hafi sameinast Gaumi ehf.

Hreiðar er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.


Hreiðar segir að svo sé ekki.


Hreiðar hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið föstudaginn 24. júní 2005 kl. 16:20


Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir


Hreiðar Már Sigurðsson


Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslu


Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi